VMST-S/02006

Frá starfsemi Suðurlandsdeildar Veiðimálastofnunar árið 2001

Magnús Jóhannsson

Selfossi, apríl 2002

Frá starfsemi Suðurlandsdeildar Veiðimálastofnunar árið 2000

Magnús Jóhannsson

Selfossi, apríl 2002 VMST-S/02006

Veiðimálastofnun - Suðurlandsdeild
Austurvegur 1, 800 Selfoss, Sími: 482-2318, Bréfasími: 482-3897,
Netfang: sudurlandsdeild@veidimal.is

Inngangur.

Á Suðurlandsdeild Veiðimálastofnunar voru starfandi tveir starfsmenn á árinu, einn sérfræðingur og einn líffræðingur. Sértekjur deildarinnar jukust talsvert á milli ára, urðu 11,7 millj. en voru tæpar 8,9 millj. árið áður. Útgjöldin jukust einnig urðu 11 millj en voru 8,2 millj. árið 2000. Rekstrarafgangur deildarinnar var rúmar 700 þús.

Starfið á deildinni byggir að miklu leiti á þjónusturannsóknum sem unnar eru fyrir Veiðifélög og rannsóknum tengdum vatnsvirkjunum sem hafa farið vaxandi. Vinna við umsagnir og umhverfismat ofl. er tengist framkvæmdum og áhrifum þeirra á lífríki áa og vatna er einnig vaxandi þáttur í starfseminni. Unnið er að nokkrum sértækum rannsóknarverkefnum. Suðurlandsdeild sér um söfnun veiðiskýrslna fyrir Suðurland og vinnslu á hluta þeirra, þar er einkum um að ræða skýrslur yfir veiði í net. Í þessari samantekt er gerð grein fyrir helstu verkefnum sem unnið var að á árinu 2001.

Veiðivötn.

Í Veiðivötnum er stunduð bæði stangveiði og netaveiði. Hlutur stangveiðinnar hefur vaxið á síðustu árum og er nú um 80 % urriðaaflans tekinn á stöng. Veiði var góð á sl. sumri. Samkvæmt skýrslum veiddust þar 8.828 urriðar á stöng, sem er nærri 29 % meiri veiði en að meðaltali síðustu 10 ár þar á undan. Netaveiðin varð 2.493 urriðar sem er um 9 % minna en meðalveiði árin 1991 til 2000. Bleikjuveiðin varð 2.459 fiskar sem er mesta veiði á bleikju síðan 1988. Á sl. ári veiddust 6 kg af urriða til jafnaðar á hverjum hektara vatnsflatar. Veiði á flatareiningu hefur farið vaxandi síðustu árin (mynd 1). Smærri vötnin gefa að jafnaði meiri afla á flatareiningu en þau stærri.

Rannsóknum var haldið áfram í Veiðivötnum líkt og gert hefur verið árleg síðan 1985. Rannsóknir sýna að náttúrulegri nýliðun hjá urriða er ábótavant í mörgum vatnanna í Veiðivatnaklasanum, einkum þeim stærri. Slepping urriðaseiða í stærri vötnin hefur skilað



Mynd 1. Veiði urriða á flatareiningu í Veiðivötnum.

góðum árangri og aukið afrakstur þeirra verulega. Á síðastliðnum sumrum hefur veiði aukist umtalsvert í Grænavatni en það er eitt af stærri vötnunum. Þar er nær engin náttúruleg nýliðun. Sleppingar stálpaðra seiða hafa þar skilað góðum árangri en smáseiði

eiga þar erfitt uppdráttar. Rannsóknir og ráðgjöf í Veiðivötnum eru unnar fyrir Veiðifélag Landmannaafréttar.

Vatnasvæði Ölfusár-Hvítár.

Hlaup sem varð í Hagafellsjökli í Langjökli sumarið 1999 og gætti nokkuð sumarið 2000 gætti ekki á sl. ári. Mikill aur fylgdi hlaupinu og hann hafði talsverð áhrif á fiskgengd og uppeldi laxfiska. Seiðakönnun á hlaupárinu 1999 sýndi að laxaseiði sem orðið höfðu fyrir hlaupvatni voru smá og mögur, sem bendir til þess að lítið hafi verið um fæðu eða að fæðunám hafi verið erfitt. Í kjölfarið varð minnkun í þéttleika laxaseiða í meginánum Hvítá og Ölfusá. Jákvætt er að á sl. sumri. varð aftur nokkur aukning í þéttleika eins og tveggja ára laxaseiða í neðri hluta Hvítár.

Seiðaástand í Stóru-Laxá var nú allgott eftir slakt ástand árið 1998. Eins og tveggja ára laxaseiði voru í svipuðum þéttleika og árið áður en minna var af sumargömlum laxaseiðum. Þessi seiðaárgangur sem gekk til sjávar vorið 2001 var nokkuð sterkur en hann kemur til með að skila sér í veiði árin 2002 og 2003. Í Sogi var haldið áfram rannsóknum á botndýrum auk þess sem seiðabúskapur var kannaður og gerð aldursrannsókn á göngulaxi. Þéttleiki laxaseiða hefur verið fremur lítill í Sogi undanfarin ár. Rannsóknirnar í Sogi eru unnar fyrir Landsvirkjun en aðrar rannsóknir á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár eru unnar fyrir Veiðifélag Árnesinga. Á sl. ári var gerð sérstök athugun á búsvæðum laxfiska í Ölfusá fyrir landi Hellis og Fossnes. Það verkefni var unnið fyrir Stangveiðifélag Selfoss.

Á síðastliðnu sumri var haldið áfram merkingum á laxi og silungi í Ölfusárósi. Keypt voru 30 útvarpsmerki og móttökutæki ásamt loftneti til að fylgja þeim eftir. Gildra var starfrækt í ósi frá fyrri hluta júní til síðari hluta ágúst. Samtals voru merktir 34 laxar í Ölfusá. Fjörutíu urriðar voru merktir 1 bleikja og 3 flundrur. Til þessa hafa 6 urriðar veiðst aftur (14,3 %) og 4 laxar (11,8 %). Vel gekk að fylgja útvarpsmerktu löxunum eftir. Farið var reglulega til að leita laxanna og reyndist flugvél hentug til þess. Áberandi var hve laxarnir voru lengi á leið sinni upp vatnakerfið. Frekar á eftir að vinna úr gögnum. Verkefninu verður haldið áfram á árinu 2002. Verkefnið hefur fengið fjárstuðning frá Framleiðnisjóði landbúnaðarins, Fiskræktarsjóði, Rannsóknarráði Íslands og Landbúnaðarráðuneytinu.

Mynd 2. Flundra er ný fisktegund við Ísland. Miðstöð hennar virðist í og við Ölfusárós.

Við merkingarveiði í Ölfusá á sl. sumri fengust þrjár flundrur og fjórar árið áður. Allmargar flundrur hafa veiðst í ósnum, þær fyrstu sumarið 1999. Áður höfðu flundrur ekki veiðst við Ísland og virðist hún hafa numið hér land. Nokkrar flundrur hafa veiðst við

suðurströndina en “miðstöð” flundru hér við land virðist vera í og við Ölfusárós. Flundra er flatfiskur (mynd 2) sem lifir á grunnsævi við strendur meginslands Evrópu, á Bretlandseyjum og í Færeyjum. Hún hrygnir í sjó en að sumri leitar hún í árósa og gengur þá oft upp ár og læki.

Þingvallavatn.

Haustið 1999 hófst verkefni sem miðar að því að styrkja urriðastofna Þingvallavatns. Hrogn voru þá grafin í möl sem sett hafði verið við útfallið. Hrognin voru frá klakfiski sem veiddur var í Öxará. Vonast er til að með þessum aðgerðum og frekari framkvæmdum við útfallið megi skapa riða- og uppeldisstöðvar fyrir sjálfbæran urriðastofn. Samhliða eru gerðar rannsóknir á urriðastofnum í vatninu. Rannsóknirnar miða að því að afla vitneskju um stofnvistfræði og lífshætti urriða og að meta ástand stofnanna.



Mynd 3. Aldur urriða úr klakveiði í Öxará árið 2001 eftir uppruna. Urriði af sleppiuppruna er úr seiðasleppingum árið 1993.

Sumarið 2001 voru gerðar seiðaathugnanir í Öxará, Villingavatnsá, Ölfusvatnsá og í útfalli Þingvallavatns. Allnokkurt uppeldi urriðaseiða fannst í Öxará. Í Grafningsánum, Ölfusvatnsá og Villingavatnsá, fannst lítið af seiðum og er það sambærilegt við það sem áður hefur fundist. Klakveiðar og seiðaástand benda til þess að urriðastofnar Grafningsánna séu litlir. Við útfall Þingvallavatns fundust sumargömul örmerkt sleppiseiði sem sleppt var þar fyrr um sumarið. Um haustið voru veiddir urriðar í klak í Öxará og þeir kreistir. Hluti hrognanna var grafinn í útallið en hluti fór í frekara eldi. Klakurriðar voru merktir og sleppt aftur. Merkingar og hreistursathuganir benda til þess að hrygningarfiskurinn sé 6 til 10 ára (mynd 3) og að urriðinn hrygni á hverju ári eftir að hann verður kynþroska. Mikilvægt er að veiðimenn taki eftir merkjum í veiði og komi upplýsingum um merkta fiska til Veiðimálastofnunar. Gert var sérstakt átak í að bæta skráningu á veiði bleikju og urriða í Þingvallavatni.

Á sl. sumri voru hafnar rannsóknir á bleikju og er tilgangur þeirra að meta og fylgjast með ástandi bleikjustofna vatnsins. Rannsóknir í Þingvallavatni eru unnar í samvinnu við Veiðimálastofnun í Reykjavík. Þær eru unnar fyrir Landsvirkjun í samstarfi við Veiðifélag Þingvallavatns. Bleikjurannsóknirnar eru kostaðar af Orkuveitu Reykjavíkur.

Þjórsá.

Á vatnasvæði Þjórsár var haldið áfram með verkefni sem miðar að því að kanna landnám lax ofan laxastiga í fossinum Búða. Þá var unnið að sérstöku verkefni vegna mats á



Mynd 4. Göngur laxa upp stigann í Búða árið 2001 ásamt vatnshita í Þjórsá.

umhverfisáhrifum fyrirhugaðra virkjana í Þjórsá neðan Búrfells. Verkefni þetta var mjög umfangsmikið. Það tók m.a. til mats á búsvæðum, botndýrarannsókna, seiðarannsókna, samantekt á veiðitölum, aldursrannsókna og rannsókna á fiskgöngum. Rannsóknin náði til Þjórsár og helstu þveráa hennar frá Búrfelli að ósi. Rannsóknirnar leiddu í ljós að botndýralíf í Þjórsá er auðugt og að þar er talsvert uppeldi og hrygning lax og urriða. Umtalsverður hluti náttúrulegra laxa er uppalinn í Þjórsá sjálfri. Mat á uppeldisskilyrðum (botnmat) bendir til þess að hlutur Þjórsár geti verið allt að 85 % en þverárnar Tungá/Kálfá standi undir um 15 % náttúrulegrar framleiðslu laxa. Lax er helst ríkjandi í Þjórsá þar sem gætir áhrifa frá Kálfá, svo og á straumþungum og grófgrýttum svæðum í og við gljúfur hjá Urriðafossi. Urriði er hins vegar ríkjandi á straumminni svæðum og þar sem botn er fínni. Þá er urriði ríkjandi á svæðinu ofan við Búða og Hestafoss. Ljóst er að fyrirhugaðar virkjanir munu hafa talsverð áhrif á fiskstofna Þjórsár, áhrifin yrðu mest á lax og göngusilung. Áhrifin má minka með mótvægisaðgerðum.

Teljari er í stiganum við fossinn Búða, sem var ófiskgengur þar til árið 1991 að byggður var þar stigi. Á sl. sumri nam hann 113 laxa á göngu upp stigann (mynd 4). Þetta er mun meiri fjöldi en árið áður. Náttúrulegt klak hefur fundist ofan stigans árin 1994, 1995, 1997, 1998, 1999, 2000 og 2001. Rannsóknir í Þjórsá eru unnar fyrir Landsvirkjun.

Samkvæmt bráðabirgðaskýrslum veiddust 1.189 laxar í net Þjórsá sumarið 2001 en það er allnokkur aukning frá árinu áður en þá veiddust 979 laxar. Árleg meðalveiði á laxi á vatnasvæði Þjórsár er um 2000 fiskar og er það nær allt netaveiði.

Rangárnar.

Samkvæmt bráðabirgðatölum veiddust um 5.469 laxar í Rangánum á síðastliðnu sumri sem er talsvert meiri afli en árið áður, en þá voru um 3.645 laxar dregnir á land. Lax í Rangánum er nær eingöngu úr sleppingum gönguseiða. Heimtur merktra gönguseiða urðu um 1,0 % sem eru betri heimtur en árið áður en þá var heimtuhlutfallið 0,7 %. Meðalheimtur þau 10 ár sem hafbeit hefur verið stunduð í Rangánum er 1,2 %.

Suðurlandsdeild sá um uppsetningu fiskteljara í Árbæjarfossi og Ægissíðufossi í Ytri-Rangá ásamt eftirlit með þeim og úrvinnslu gagna. Teljarinn í Ægissíðufossi taldi samtals 2.278 laxa upp og 250 silunga. Af löxunum voru 2.013 smálaxar (eitt ár í sjó) og 265 stórlaxar (tvö ár í sjó). Fyrstu göngur komu síðustu viku júní en mesta laxgengd var um og eftir miðjan júlí. Eftir miðjan september var nánast engin fiskgengd upp Ægissíðufoss.

Flestir fiskar voru að ganga upp síðari hluta dags og er það líkt og komið hefur fram áður. Þetta tengist líklega hlýnun árvatnsins.

Við Árbæjarfoss voru taldir 961 laxar nettó upp 884 smálaxar og 77 stórlaxar, og 66 silungar nettó niður. Teljaragögn sína að lax er mun seinni á ferð upp Árbæjarfoss en Ægissíðufoss. Laxgengd var þar ekki að ráði fyrr en síðari hluta júlí og stærstu göngurnar voru fyrstu vikuna í ágúst. Talsverð laxgengd var allan ágúst en lítil eftir lok september.

Á sl. ári var lauk sérstakri sleppitilraun í Ytri-Rangá. Gerðar voru tilraunir með mismunandi stærðir sleppiseiða og mismunandi vatnshita fyrir sleppingu. Í sumar voru heimtur bestar á stórum seiðum sem fengið höfðu upphitum fyrir sleppingu. Verkefni þetta var til fjögurra ára. Það var styrkt af Fiskræktarsjóði. Haldið var áfram merkingum á náttúrulegum urriða og bleikju í Ytri-Rangá.

Sjóbirtingsrannsóknir á vatnasvæðum Grenlækjar og Skaftár.

Í Grenlæk og á vatnasvæði Skaftár voru stundaðar rannsóknir á sjóbirtingi með svipuðum hætti og verið hefur frá árinu 1995. Í Grenlæk er fiskteljari sem telur og stærðarmælir fisk á göngu upp lækinn. Jafnframt voru gerðar sírita vatnshitamælingar og ljósmælingar í þeim tilgangi að sjá hvernig vatnshiti og birta hafa áhrif á göngur. Fiskgengd var svipuð um teljara og sumarið 2000.

Hluti sjóbirtingsrannsóknanna eru merkingar en þær miða m.a. að því að meta ratvísi og veiðiálag vor og haust. Í apríl voru slöngumerktir 43 sjóbirtingar og 3 bleikjur úr rafstöðvarlóni við Seglbúðir. Á árunum 1995 til 2001 hafa 1.185 sjóbirtingar verið merktir að vori í Grenlæk. Endurheimtur hafa verið breytilegar en jafnaðarheimtur eru 21 %.
Heimtur af merkingum á síðastliðnu vori voru lágar, eða 7,0 %.

Seiðabúskapur var kannaður á vatnasvæði Skaftár og í Grenlæk. Fylgst hefur verið með seiðabúskap á vatnasvæði Skaftár samfellt frá árinu 1986. Sjóbirtingsrannsóknirnar hafa fengið stuðning ýmissa aðila, ekki síst heimamanna og stangveiðimanna. Fjárstuðningur hefur fengist frá Fiskræktarsjóði. Rannsóknarsjóður hefur stutt merkjarannsóknirnar fjárhagslega og veitt fé til kaupa á fiskteljara.

Apavatn.

Apavatn er eitt af stærri stöðuvötnum á Suðurlandi, er 1.360 ha. Vatnið er allt fremur grunnt, meðaldýpi er 1,5 m og mesta dýpi er um 2,5 m. Í Apavatn er fiskgengt frá sjó. Af fisktegundum eru þar bleikja, urriði og hornsíli. Einnig verður þar vart við lax, en ekki ál svo vitað sé. Apavatn hefur löngum þótt gjöfult veiðivatn.

Á sl. sumri voru fiskstofnar Apavatns rannsakaðir. En nokkuð er um liðið síðan þeir voru síðast athugaðir. Þau gögn eru í vinnslu. Talsverð veiði er stunduð í net í Apavatni. Veiðibændur hafa skráð aflann samviskusamlega og er það til fyrirmyndar. Hver veiðibóndi skráir hve mörg net hann hefur í vatninu hverju sinni og hvaða möskvastærð hann notar. Þannig fást upplýsingar um sókn. Daglegur afli er skráður sem fjöldi og þungi veiddra bleikja og urriða. Með góðri skráningu á veiði og sókn í Apavatni hefur skapast mikilvægur þekkingargrunnur sem nýtist við ráðgjöf í nýtingu á vatninu. Allnokkrar sveiflur eru í fiskstofnum vatnsins sem endurspeglast í veiðinni. Uppistaða aflans í Apavatni er bleikja. Samkvæmt veiðiskýrslum hefur meðalveiði á bleikju á sl. 12 árum verið 8,9 tonn og 3,5 tonn af urriða. Meðalveiði á flatareiningu á sama tímabili var 9,1 kg á ha. Meðalstærð



Mynd 5. Afli bleikju og urriða sem kg í lögn í netaveiði í Apavatni.

bleikju í veiðinni er 300 g og 445 g hjá urriða. Afli í lögn, en ein lög er eitt net í einn sólarhring, hefur verið breytilegur (mynd 5) en að jafnaði hafa veiðst um 0,8 kg af bleikju og 0,3 kg af urriða í lögn.

Önnur verkefni.

Suðurlandsdeild safnaði neta- og stangveiðiskýrslum úr ám og vötnum á Suðurlandi. Laxveiðiskráning er víðast hvar nokkuð góð. Skráning á silungsafla er góð í sumum ám og vötnum sem víða má bæta skráningu á silungsveiði.

Ráðgjöf í fiskeldi var einkum varðandi framleiðslu seiða til fiskræktar. Við deildina voru unnar ýmsar umsagnir vegna fyrirhugaðra framkvæmda, m.a. vegna efnistöku við ár og vegaframkvæmda.

Rita- og erindaskrá.

Skýrslur.

Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson, 2001. Vatnasvæði Skaftár og lindarvötn í Landbroti. Lífsskilyrði og útbreiðsla laxfiska. VMST-S/01001X: 65 bls.

Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson, 2001. Fiskrannsóknir á vatnsvæði Kúðafljóts. VMST-S/01002X: 65 bls.

Magnús Jóhannsson, 2001. Frá starfsemi Suðurlandsdeildar Veiðimálastofnunar árið 2000. VMST-S/01003. 7 bls. Einnig í; Ársrit Búnaðarsambands Suðurlands 2000, 31: 67-74.

Annað.

Mangús Jóhannsson og Sigurður M. Einarsson, 2001. Um sjókvíaeldi við Ísland. Morgunblaðið 25. janúar.

Magnús Jóhannsson, Sigurður Guðjónsson og Erlendur Björnsson, 2001. Migration behaviour of brown trout, *Salmo trutta,* in River Grenlaekur south eastern Iceland. Second Nordic International Symposium on: Freshwater Fish Migration and Fish Passage. Haldin í Reykjavík 20. til 22. september 2001 (úrdrátur).

Gunnar Jónsson, Jónbjörn Pálsson og Magnús Jóhannsson, 2001. Ný fisktegund, flundra, *Platichthys flesus* (Linnaeus, 1758), veiðist á Íslandsmiðum. Náttúrfræðingurinn 70 (2-3): 83-89.

Erindi.

Magnús Jóhannsson, 2001. Veiðivötn á Landmannaafrétti. Erindi flutt hjá Ármönnum 21. mars 2001.

Magnús Jóhannsson, 2001. Fiskrannsóknir og nýting veiðihlunninda í ám og vötnum á Suðurlandi. Erindi flutt hjá Lionsklúbbi Selfoss. 5. mars 2001.

Magnús Jóhannsson, 2001. Árangur seiðasleppinga frá Fiskeldisstöðinni Fellsmúla. Erindi flutt á aðalfundi Samtaka Veiðifélaga á Suðurlandi 19. nóvember 2001.

Magnús Jóhannsson, Sigurður Guðjónsson og Erlendur Björnsson, 2001. Migration behaviour of brown trout, *Salmo trutta,* in River Grenlaekur south eastern Iceland. Fishway 2001.

Umsagnir.

Magnús Jóhannsson, 2001. Fráveita kartöfluverksmiðju Þykkvabæjar. Veiðimálastofnun 28. maí 2001: 1 bls.

Magnús Jóhannsson, 2001. Umsögn um malartekju við Laxá í Fljótshverfi. Veiðimálastofnun 7. maí 2001: 1 bls.

Benóný Jónsson, 2001. Vegaframkvæmdir á Hringvegi í Fljótshverfi, V-Skaft.; Brunná-Rauðaberg. Veiðimálastofnun, 3. maí 2001: 3 bls.

Magnús Jóhannsson, 2001. Möguleg hætta af erfðablöndun vegna fyrirhugaðrar bleikjueldisstöðvar Glæðis ehf. í landi Teygingarlækjar í Skaftárhreppi. Veiðimálastofnun, 26. febrúar 2001: 3 bls.

Auk þessa var greint frá rannsóknum og veiðitölum á viðkomandi félagssvæði á aðalfundum: Veiðifélags Landmannaafréttar, Veiðifélags Apavatns, Veiðifélags Árnesinga, Stóru-Laxárdeildar Veiðifélags Árnesinga, Veiðifélags Ytri-Rangár, Veiðifélags Grenlækjar, og Veiðifélags Skaftár.